

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019.

1. gr.

63. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirögn:

*Kosning í ráð.*

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

#### A. Til eins árs:

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og sjö til vara.

#### B. Til fjögurra ára:

1. Sjö menn í íþróttá- og útlífsráð og sjö til vara. Formannskjör.
2. Sjö menn í leikskóla- og daggæsluráð og sjö til vara. Formannskjör.
3. Sjö menn í mannréttindaráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í menningarráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í umhverfis- og skipulagsráð og sjö til vara. Formannskjör.
7. Sjö menn í velferðarráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn eða annarra frambjóðenda framboðslista sem náðu kjöri til borgarstjórnar.

2. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 11. júní 2026.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

---

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*